

Skólanámskrá Klettaskóla er í stöðugri endurskoðun.
Hinir ýmsu hlutar skólanámskrárinnar eru samdir af breytilegum faghópum á mismunandi tímum.

Endurskoðun skólanámskrárinnar m.t.t. breytinga á Aðalnámskrá grunnskóla, laga og reglugerða var síðast gerð skólaárin 2015- 2017.

Skólanámskrá Klettaskóla

- Markmið og inntak náms í Klettaskóla -



2018

Efnisyfirlit

Markmið og inntak náms í Klettaskóla	4
Líkanið sem námskrá Klettaskóla er byggð á	4
Námskrárramma Klettaskóla	4
Námsþættir/námssgreinar í Klettaskóla.....	5
Atriðalistar yfir þrepamarkmið námsþátta/námssgreina.....	5
Þroskaþættir	
7 Félags- siðgæðis- og tilfinningaþroski.....	7
Þrepamarkmið	8
Hreyfiþroski	10
Þrepamarkmið	11
Málþroski	14

Prepamarkmið	15
Skynþroski – skynjun.....	20
Prepamarkmið	21
Vitsmunapróska - rökhugsun.....	26
Prepamarkmið	26
Námsgreinar.....	30
Heimilisfræði	30
Prepamarkmið (1. - 4. bekkur).....	31
Prepamarkmið (5. - 7. bekkur).....	33
Prepamarkmið (8. og 9. bekkur)	35
Prepamarkmið (10. bekkur)	38
Hönnun og smíði.....	41
Prepamarkmið	41
Íslenska.....	46
Lestur	50
Miðstig	51
Efsti stig.....	52
Grunnstig.....	54
Efstastig.....	55
Skólaípróttir	57
Skólaípróttir – atriðalisti	58
Boltaípróttir – atriðalisti.....	59
Útiípróttir / Gönguferðir – atriðalisti	62
Frjálsar ípróttir – atriðalisti	62
Stöðvarþjálfun – atriðalisti.....	64
Myndmennt	65
Stærðfræði.....	76
Grunnstig.....	77
Miðstig	78
Efsti stig.....	81
Textílmennt.....	84
Tónmennt	88
Upplýsinga- og tæknimennt	92
Enska	95
Athafnir daglegs lífs/Lífsleikni.....	98
1 Að komast leiðar sinnar (umferli)	99
2 Heimilisstörf.....	102
3 Persónuleg umhirða.....	104
4 Samskipti.....	107
5 Tómsundur	111

Markmið og inntak náms í Klettaskóla

Markmið og inntak náms í Klettaskóla

Þessi hluti skólanámskrárinnar hefur að geyma yfirlit yfir það sem stefna ber að í kennslu- og uppeldisstarfi Klettaskóla. Hann fjallar um markmið og inntak námsþátta/námsgreina og er honum ætlað að **auðvelda val á markmiðum og viðfangsefnum við hæfi hvers nemanda**. Valið er ávallt á ábyrgð umsjónaraðila nemenda (kennara/þroskaþjálfara og fl.) í samráði við forráðamenn þeirra. Atriðalisti yfir þrepamarkmið fylgir hverjum námsþætti/námsgrein.

Líkanið sem námskrá Klettaskóla er byggð á

Líkanið byggist á skilgreiningum bandaríska námskráfrömuðarins Ralph Tyler, sem aðgreinir megináhersluþætti náms og kennslu í þrjú megin svið.

Aðgreining Tylers vísar til og sýnir þrjár **meginuppsprettur náms- og kennslumarkmiða**:

Námskrárramma Klettaskóla

UPPSPRETTUR MARKMIÐA:	DÆMI UM INNTAK NÁMS:
1. Einstaklingurinn: Þroski Þroski nemandans segir til um heppilegt nám. <i>Markmið miðast við þroska og eflingu hans.</i>	Námsáherslur sem miða að því að efla: Líkams- og hreyfiþroska, félagsþroska, skynjunar- og málþroska og annarra þroskaþátta.
2. Námsgreinar Hefðbundið nám skv. aðalnámskrá grunnskóla. <i>Markmið miðast við námsgreinar.</i>	Móðurmál, stærðfræði, samfélagsfræði og aðrar námsgreinar.
3. Samfélagið: Lífsleikni Markmið miðast við hæfni við daglegar athafnir og störf í samfélaginu og <i>hvernig nemendur geta nýtt þá færni og þekkingu sem þeir hafa öðlast þannig að þeir verði eins sjálfbjarga og kostur er á.</i>	Athafnir sem tengjast m.a.: • persónulegri umhirðu. • því að komast leiðar sinnar – umferli. • tómstundastarfi.

Eðlilegt er að lögð sé mismikil áhersla á þessi þrjú megin svið, þegar markmið náms og kennslu eru skilgreind, hvort þau miðast við þroska nemenda, inntak námsgreina, ákveðna hæfni við daglegar athafnir eða blöndu af þessu öllu. Þó má til einföldunar miða við, að ákveðin megin svið fremur en önnur einkenni nám og kennslu þannig að:

- á grunnstigi í upphafi skólagöngu og á fyrstu skólaárum sé megináherslan lögð á að efla þroska nemenda á sem flestum þroskasviðum,
- á miðstigi um miðbik skólagöngunnar sé lögð áhersla á að nemendur nái árangri í glímu við hefðbundnar skólanámsgreinar,
 - á efsta stigi á seinni hluta skólagöngunnar sé í auknum mæli miðað við að gera nemendur sem best sjálfbjarga við dagleg störf og athafnir eftir að grunnskóla lýkur.

Þegar umsjónaraðilar setja nemendahópum eða einstaklingum markmið til að keppa að verða þeir að gæta þess að huga að öllum, þremur námskrásviðunum og skoða þau markmið sem sett eru fram í hverjum námsþætti/námsgrein, m.a. með tilliti til aldurs og þroska nemendanna.

Markmið og inntak náms í Klettaskóla

Námsþættir/námsgreinar í Klettaskóla

Eftirfarandi 22 námsþættir/námsgreinar hafa verið valdar í námskrá Klettaskóla og skiptast á þrjú megin svið samkvæmt skilgreindum námskrárramma skólans:

Þroski Námsgreinar Athafnir daglegs lífs - Lífsleikni

Markmið miðast við þroska og eflingu hans Markmið miðast við námsgreinar Markmið miðast við nýtingu á færni og þekkingu

1. [Félags- siðgæðis- og tilfinningabroski](#) 1. [Heimilisfræði](#) 1. [Að komast leiðar sinnar – umferli](#) 2. [Hreyfibroski](#) 2. [Hönnun – smíði](#) 2. [Heimilisstörf](#)
3. [Málbroski](#) 3. [Íslenska](#) 3. [Persónuleg umhirda](#) 4. [Skynbroski – skynjun](#) 4. [Skólabróttir](#) 4. [Samskipti](#)
5. [Vitsmunabroski – rökhusun](#) 5. [Tómstundir](#)
5. [Myndmennt](#)
6. Samfélagsgreinar
7. Nátturugreinar
8. [Stærðfræði](#)
9. [Textílmennt](#)
10. [Tónmennt](#)
11. [Upplýsinga- og tæknimennt](#)
12. [Enska](#)

Nánari skýringar

1. Broski – Markmið miðast við þroska nemandans og að efla hann

Markmiðin eru sótt til nemandans sjálfs þ.e. hvar hann er staddur í þroska og hvert sé æskilegt eða nauðsynlegt að halda til þess að örva hann frekar.

2. Námsgreinar - Markmið miðast við hefðbundnar námsgreinar grunnskóla Markmiðin byggjast á aðalnámskrá grunnskóla. Uppsprettur markmiða eru í námsgreininni sjálfri, þótt lífaldur þeirra sem reyna að ná markmiðum, sem þangað eru sótt, sé annar en gert er ráð fyrir í aðalnámskrá grunnskóla. Í kennslustarfi í Klettaskóla er nauðsynlegt að aðlaga námsgreinamarkmið aðalnámskrár að hverjum nemanda eða nemendahópi — einfalda þau eða fækka þeim — allt eftir mati kennara skólans.

3. Athafnir (samfélagið) - Markmið miðast við færni og þekkingu, sem nýtast nemandanum.

Áhersla er lögð á að kenna nemandanum að nota/nýta við margvíslegar athafnir og störf þá færni og þann þroska sem hann hefur öðlast. Markmiðin eiga uppruna sinn í samfélaginu, þ.e. hvaða hæfni eða færni er álitin nauðsynleg til þess að geta mætt kröfum sem gerðar eru á ýmsum sviðum.

Atriðalistar yfir þrepamarkmið námsþátta/námsgreina

Atriðalistum yfir þrepamarkmið námsþátta/námsgreina er ætlað að spanna alla aldurshópa í skólanum, frá upphafi náms við 6 ára aldur til loka 10. bekkjar óháð stöðu nemenda í þroska.

Vert er að taka fram að undirkaflar atriðalistanna eru ekki alltaf í þyngdarröð. Til að skýra þetta má t.d. taka dæmi úr námsgreininni *stærðfræði*. Kaflinn *Tugakerfi/talnalestur* er mjög snemma í listanum og endar á fjögurra stafa tölum, en kaflinn *Samlagning* sem er síðar í listanum byrjar á samlagningu eins stafa talna. Atriðalistarnir eru reyndar að nokkru leyti hver með sínu sniði enda kalla ólík viðfangsefni á mismunandi uppbyggingu.

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Markmið og inntak náms í Klettaskóla*

Atriðalistar námsþátta/námsgreina skarast oft óhjákvæmilega milli tveggja eða fleiri námsþátta/námsgreina. Þannig er t.d. fjallað um peninga í kaflanum um stærðfræði og í kaflanum um verslun og þjónustu. Skörun er talsverð milli kaflanna um hreyfibroska, skólabróttir og umferli og þannig mætti lengi telja. Skörun milli atriðalista er tilgreind, skáletruð í sviga, þar sem við á.

Atriðalistar þrepamarkmiða við námsþætti/námsgreinar verða seint endanlegir eða tæmandi og því eðlilegt að námsþarfir einstakra nemenda kalli á viðfangsefni eða aðferðir sem ekki eru inni á

Þessum listum og verður þá að að bregðast við því í einstaklingsnámsskrá viðkomandi nemenda.

Ætlast er til að atriðalistarnir séu í stöðugri endurskoðun og að atriði bætist við og öðrum verði breytt eða ráðað upp á nýtt eftir þörfum.

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámsskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

Þroskaþættir

1. [Félags- siðgæðis- og tilfinningaþroski](#)
2. [Hreyfiþroski](#)
3. [Málþroski](#)
4. [Skynþroski – skynjun](#)
5. [Vitsmunþroski – rökhugsun](#)

Félags- siðgæðis- og tilfinningaþroski

Meginmarkmið kennslunnar eru að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda og leggja traustan grunn að námi og starfi. Áhersla skal lögð á að nemandinn þroski eiginleika sína, bæði vitsmuni og tilfinningar í samskiptum við aðra. Skólinn á að leitast við að veita öllum nemendum sínum öryggiskennd, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Félags- og siðgæðisþroski

Við upphaf skólagöngu eiga börn oft erfitt með að taka tillit til og setja sig í spor annarra og vinna markvisst með öðrum. Þau eiga t.d. í vanda með að fylgja ákveðnum leikreglum í hópleikjum og víkja því íðulega frá reglunum þótt þau telji sig þekkja þær og líti svo á að þær skuli halda. Með aldrinum eykst félagsþroskinn sem birtist meðal annars í aukinni hæfni til samvinnu í leik og starfi. Félagsleg samskipti örva börn til að sjá og virða sjónarmið annarra. Það er því mikilvægt að í skólastarfi sé tekið mið af þessum staðreyndum.

Tilfinningaþroski

Börnum tekst misvel að tjá tilfinningar sínar. Tilfinningaþroski barna er m.a. háður skapgerðareiginleikum, uppeldisaðstæðum og þeim tjáningarmöguleikum sem þau ráða yfir á hverju þroskastigi. Tilfinningaþroski barna breytist samfara auknum þroska þeirra frá því að vera hjálparþurfi yfir í sjálfstæðari og sjálfsöruggari einstaklinga. Hugsun verður smám saman óhlutstæðari og börnin verða færari um að hugsa rökrétt í orsakasamhengi og draga ályktanir. Þau eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra og sjá hlutina út frá annarra sjónarhóli. Innlifun í tilfinningar annarra og hæfileikinn til að sýna hluttekningu eykst líka samfara auknum vitsmunalegum þroska. Smám saman skýrist sjálfsmynd og vitund þeirra um eigin líkama og tilfinningar. Með aldrinum eykst áhrifavald jafnaldra en áhrifamáttur hinna fullorðnu dvínar. Aukinn tilfinningaþroski gerir barnið hæfara til að laga sig að daglegu lífi og virkri þátttöku í samfélaginu.

Nánari skýringar

Félags- siðgæðis- og tilfinningaþroski er háður fjölbættum samskiptum einstaklingsins við umhverfið og þeirri reynslu sem hann öðlast. Þessi þroski örvast, sé leitast við að taka sem mest tillit til flestra þátta persónuleikans, tilfinninga og alhliða þroska nemandans. Því er mikilvægt að skólastarfið sé skipulagt þannig að nemendur taki þátt í fjölbreyttu samstarfi við að leysa verkefni og vandamál. Slíkt samstarf reynir á samstarfshæfni nemenda, þeir venjast tillitssemi og að ákveðnar reglur gilda í samskiptum við aðra.

Nemendur Klettaskóla búa við skerta námshæfni. Þessi skerðing hefur áhrif á félags- og tilfinningaþroska þeirra og getur m.a. birst í samskiptaerfiðleikum við aðra, bæði í leik og starfi. Í slíkum tilvikum þarf að leggja áherslu á að skipulag kennslunnar taki sérstakt mið af fyrrgreindum þroskaþáttum.

Markmið

Að nemandinn:

- öðlist sjálfstraust, jákvæða sjálfsmynd og líði vel
Þroskaþættir
- auki skilning sinn á nauðsyn félagslegra reglna
- læri að taka tillit til annarra og starfa með öðrum
- öðlist ábyrgðartilfinningu
- verði sjálfstæður í vinnubrögðum

Tengsl við aðra námskrárþætti

Þar sem félags- siðgæðis- og tilfinningaþroski fléttast inn í öll mannleg samskipti eru tengslin sterk við hina þroskaþættina og alla aðra þætti námskrárinnar.

Prepamarkmið

1. Tilfinningaþroski

A. Sjálfsvitund

Að nemandinn:

- bregðist við tilfinningum annarra á einn eða annan veg t.d. brosi, gráti, horfi í átt til viðkomandi
- geti upplifað vanlíðan og vellíðan
 - laðist að aðstæðum sem veita vellíðan
- læri um tilfinningar sínar og annarra
 - skoði sig og aðra og hugleiði hvernig fólk líkist hvert öðru og hvað gerir það ólíkt, bæði í útliti og hegðun
 - læri hugtök sem lýsa útliti og/eða hegðun fólks
 - læri að fólk er með mismunandi tilfinningar, óskir og væntingar
 - seti orð á tilfinningar sínar og annarra
 - átti sig á því að fólk tjáir tilfinningar sínar á mismunandi hátt t.d. með bendingum, svipbrigðum og hreyfingum
 - átti sig á eigin tilfinningum, óskum og væntingum og geti tjáð þær, t.d. í myndum og orðum
 - tjái neikvæðar tilfinningar, s.s. ótta, kvíða, reiði o.s.frv. og sætti sig við þær hjá sér og öðrum og finni leiðir til að ráða við þær
 - upplifi jákvæðar tilfinningar, s.s. gleði, ánægju og tilhlökkun og finni leiðir til að viðhalda þeim og miðla til annarra
 - átti sig á óskum sínum og geti metið hvort hægt er að uppfylla þær
 - seti sig í spor annarra og taki tillit til tilfinninga, óska og væntinga þeirra

B. Sjálfsmynd (að öðlast jákvæða sjálfsmynd)

Að nemandinn:

- finni að hann getur haft áhrif á umhverfi sitt t.d. nái í hlut sem hann langar í • hafi ánægju af að gera eitthvað
 - leggi sig fram til að þóknast kennaranum
 - beri saman vinnu sína og vinnu annarra barna í bekknum og upplifi ánægju eða óánægju eftir atvikum
 - leggi sig fram af því að hann vill það sjálfur
 - taki við hrósi eða gagnrýni og skilji á hverju það byggist
- geri sér grein fyrir takmörkunum sínum
 - taki ábendingum og gagnrýni
 - þiggi hjálp frá öðrum
 - viti að hann getur fengið hjálp þegar þann þarf á henni að halda

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

- viti að hann fær ekki hjálp við verk sem hann getur sjálfur leyst af hendi •
geri sér grein fyrir að hann mun aldrei geta allt og enginn getur gert allt • hlýði ekki öllu sem aðrir segja honum að gera og standi á sínu
- beri ábyrgð á því sem hann gerir og ljúki verkum sínum
- gefist ekki upp við fyrstu hindrun

2. Félags- og siðgæðisþroski

A. Samskipti (geta átt samskipti við aðra og viðhaldið þeim)

Að nemandinn:

- sýni á einn eða annan hátt vilja til að hafa samskipti við aðra t.d. brosi, haldi

augnsambandi, tali

- geti sýnt frumkvæði að samskiptum
 - geti hermt eftir því sem fullorðinn gerir
 - geti gert til skiptis við fullorðinn
- geti valið við hvern hann vill hafa samskipti og hvern ekki
- sætti sig við að ákveðin samskipti taka enda

B. Samvera og samstarf

Að nemandinn:

- geti leikið og starfað:
 - með sjálfum sér
 - við hliðina á öðrum
 - með öðrum
 - með eða án hvatningar eða hjálpar kennarans
- skynji sig sem einn af hópnum
 - leggi sig fram fyrir hópinn sinn
 - leysi deilur á farsælan hátt
 - standist áreiti frá öðrum, t.d. stríðni, að vissu marki
- geti áttað sig á ýmsum hlutverkum og geti leikið hlutverkaleiki
 - takist á við ýmis vandamál í stýrðum leik og finni lausnir
- læri í leik og starfi að skilja, samþykkja og fylgja reglum sem gilda hverju sinni •
 - bíði þangað til röðin er komin að honum
 - skiptist á hlutum við aðra
 - kunni að vinna og taka ósigri
 - samþykki að einn stjórnir
 - semji eða sveigi reglur
 - tileinki sér umgengnishætti og framkomu við hæfi hverju sinni t.d. horfi í átt til viðmælanda þegar talað er til hans, taki ekki fram í fyrir öðrum, þakki fyrir sig, heilsa og kveðji, biðjist afsökunar, biðji um hjálp en heimti hana ekki o.s.frv.
- sýni öðrum vinsemd og umburðarlyndi
- sé heiðarlegur og virði eignarrétt annarra
- geri greinarmun á sannleika og ósannindum og geri sér grein fyrir að stundum má satt kyrrt liggja
- fari vel með eigur sínar og annarra
- þekki mun á eigum sínum og eigum annarra og finni viðeigandi leiðir til að nálgast það sem hann á ekki
- gefi loforð og haldi það

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

Hreyfiþroski

Hreyfiþroski er ferli sem hvert barn fer í gegnum frá fæðingu fram á unglingsár. Það má segja að hreyfing sé fyrsta viðbragðið sem barn sýnir og táknar það byrjun á löngu ferli náms til mannlegs þroska. Til að byrja með eru ósjálfráðar hreyfingar allsráðandi, síðan verða hreyfingarnar viljastýrðari og meðvitaðri, svo og markvissari og nákvæmari.

Hreyfingum er gjarnan skipt í grófhreyfingar stórra vöðvakerfa og fínhreyfingar, þar sem takmarkaðri vöðvakerfi eiga í hlut. Einnig er hægt að flokka hreyfingu í hreyfimylnstur, áttun, samhæfingu og jafnvægi.

Nánari skýringar

Oft er misvægi í hreyfiþroska barna og andlegri fötlun fylgir oft sértækur hreyfivandi. Barn sem þroskast eðlilega hreyfir sig sjálfkrafa og þegar ákveðin færni þróast æfir það sig af kappi. Það er hins vegar algengt að þroskaheft börn hafi ekki þessa hreyfigleði sem örvar eigin þroska. Þau þurfa því lengri tíma til að komast á hvert stig á þroskabrautinni. Þegar barnið kemst ekki af stað af sjálfsdáðum verður það að fá örvun frá umhverfinu. Sumir nemendur í Klettaskóla eru mikið hreyfihamlaðir og þurfa því mikla sjúkra- og iðjuþjálfun. Mikilvægt er að fylgjast með þörfum nemenda fyrir hjálpartæki og sjá um að útvega þau sem nauðsynleg eru.

Í frumbersku eru vitrænar og líkamlegar athafnir nátengdar og er talið að hreyfiathafnir eigi drjúgan þátt í vitrænum þroska. Margir álíta að hærri stig atferlis, skynjunar, vitræns þroska og málþroska geti að stórum hluta átt rætur að rekja til hreyfinga eða hreyfináms. Í ljósi þessa getur verið gagnlegt að huga að hreyfingum (hreyfifærni viðkomandi einstaklings) á undan skynjun, vitrænni starfsemi og boðskiptum.

Markmið

Meginmarkmið með hreyfinámi eða hreyfiþjálfun í Klettaskóla er að efla líkams- og hreyfiþroska, jafnvægi, samhæfingu, hraða, stjórn hreyfinga svo og líkamsvitund nemenda. Einnig er markmið með hreyfiþjálfun að hún sé stuðningur við aðra þroskaþætti og stuðli að því að gera nemendur færari og virkari við annað nám.

Grófhreyfingar

Að nemandinn:

- öðlist gott vald á líkama sínum svo hann geti hreyft sig óhindrað, þ.e. breytt/skipt um stöðu líkamans t.d. velta sér, setjast upp, standa upp, setjast niður, skriða, ganga, hoppa, hlaupa, o.s.frv.
- læri að halda líkama sínum í jafnvægi
- læri að samhæfa hreyfingar sínar
- læri að þjálfra þrótt og þol
- læri að hvílast

Fínhreyfingar

Að nemandinn:

- læri að skynja hluti með snertingu
- öðlist vald og samhæfingu á augn- fingra- og handahreyfingum sínum svo hann verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir (klæða sig, matast, ferðast um o.s.frv.) · geti haldið á og beitt hlutum og verkfærum

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

Tengsl við aðra námskrárþætti

Hreyfiþjálfun fer fram í daglegu skólastarfi í eðlilegu samhengi við aðra námsþætti. Heildarskipulag skólans gerir ráð fyrir ákveðnum kennslustundum til hreyfiþjálfunar og íþróttar. Brýnt er að í einstaklingsnámskrá hvers nemanda sé hreyfiþjálfun ætlað ákveðið vægi.

Viðfangsefni

Erfitt er að setja upp aldursskiptan atriðalista í hreyfiþroska fyrir nemendur í Klettaskóla því skal hafa stigskipta atriða/viðmiðunarlista sem til eru um almennan hreyfiþroska barna til viðmiðunar.

Prepamarkmið

Grófhreyfingar

(Sjá einnig: Skólafróttir)

A. Þjálfra jafnvægi líkamans

Að nemandinn geti:

- setið á stól eða hjólastól með stuðningi
- setið sjálfur
- staðið sjálfur
- setið og beygt sig fram og til hliðar og notað snúning í bol
- staðið, með þunga á fótum, með mikilli eða lítilli aðstoð
- staðið sjálfur upp úr sitjandi eða liggjandi stöðu og stutt sig
- staðið sjálfur eða með aðstoð manneskju eða hjálpartækis og hreyft sig, t.d. handleggi og snúið bol
- staðið uppi á einhverju einn eða með stuðningi
- staðið á öðrum fæti einn eða með stuðningi
- staðið á tám einn eða með stuðningi
- gengið eftir slá eða bekk
- klifrað einn eða með stuðningi og geti:
 - fært hendur og fætur á víxl og haldið sér
 - klifrað t.d. upp á stól
 - þrílað úti í leiktækjum
 - þrílað úti t.d. upp á steina
- hoppað:
 - jafnfætis
 - jafnfætis 4 til 5 sinnum án þess að stoppa
 - niður af lágum palli eða stól

B. Ganga

Að nemandinn geti:

- gengið einn eða með aðstoð
- gengið sjálfur inni
- gengið sjálfur úti
- gengið úti á ósléttu landi
- gengið upp og niður tröppur, einn eða með aðstoð
 - með báða fætur samtímis í hverju þrepi, einn eða með aðstoð
 - með því að hafa annan fótinn á hverju þrepi í senn

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

C. Stjórnun hreyfinga

Að nemandinn:

- læri að skipta um stöðu á líkamanum (sjá einnig: Samhæfing hreyfinga) •
 - með því að velta sér
 - með því að skriða, víxlhreyfingar handleggja og fóta
 - úr liggjandi stöðu í sitjandi stöðu
 - úr sitjandi stöðu upp á fjóra fætur
 - úr sitjandi stöðu á gólfi í standandi stöðu
- geti hjólað:
 - á sérstöku þríhjóli
 - á hjóli með hjálpardekkjum

- á venjulegu hjóli

D. Hraði, kraftur, þol

(Sjá einnig: Skólaíþróttir)

Að nemandinn:

- stjórnri krafti í hreyfingu miðað við viðfangsefni, t.d.
 - að taka upp léttan eða þungan hlut
 - að halda fast eða laust um áhald eða verkfæri
 - að halda fast eða laust um skriffæri
- geti lyft togað og ýtt
- geti gengið rösklega stuttan spöl án hvíldar
- hafi úthald til lengri göngu
- geti hlaupið án þess að detta (hnjóta)
- geti hlaupið stuttan spöl án hvíldar

Fínhreyfingar

A. Samhæfing hreyfinga

Að nemandinn:

- geti notað hendur til að styðja sig með
- þjálfri mismunandi grip handa, lófagrip, þverhandagrip, tangargrip
- geti lyft handleggjum, tekið hlut og haldið á honum
- geti haldið á hlut með báðum höndum
 - haldið á hlutnum með annarri hendi
 - sleppt eða hent frá sér hlut
 - fært hlut úr annarri hendi yfir í hina
- geti þjálfað hreyfifærni handar með því að
 - snúa og hreyfa hönd um úlnlið (lófar upp og lófar niður)
 - rétta og kreppa lófa
 - spila með fingrunum, á lofti, á borði eða gólfi
 - rétta og kreppa einn tiltekinn finger (ýmsir fingraleikir)
 - allir fingurgómar mætist og þeim þrýst saman
- þjálfri hreyfifærni handa til að geta beitt leikföngum, áhöldum og verkfærum svo sem við að:
 - byggja úr kubbum
 - grípa bolta
 - vinna með leir

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

- nota hnífapör og borðbúnað
- hneppa
- renna rennilás
- hnýta t.d hnút, slaufu
- nota skæri
- nota skriffæri
- perla
- púsla
- nota verkfæri í handmennt og myndmennt svo sem hamar, nál og pensil

B. Líkamsbeiting og vinnustellingar

Að nemandinn:

- læri að sitja rétt (iljar í gólfi, hné bogin 90° og beint bak)
- læri að hreyfingin kemur eingöngu frá úlnlið og fingrum þegar unnið er með skriffæri · læri að láta handleggi hvíla á borðinu þegar hann er að:
 - teikna
 - líta
 - skrifa
- læri að nota rétt grip við ólík viðfangsefni, t.d. á skriffæri, um pensil, við að hneppa, um nál
- noti rétt grip um skriffæri (tangargrip, vísifingur og langatöng á móti þumli, og hreyfing einkum í fremsta hluta fingra og fingurgóma)

C. Líkamsvitund

(Sjá einnig: Málþroski)

Að nemandinn:

- geti sagt til um heiti helstu líkamshluta
- geti bent á ákveðinn líkamshluta þegar hann er nefndur
- geti hreyft ákveðinn líkamshluta þegar um er beðið án þess að nota sjónina sem hjálpartæki, til dæmis við að:
 - opna annan lófann
 - hreyfa annan handlegginn
 - hreyfa einn fingur o.fl.

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

Málþroski

Mál er táknerfi sem maðurinn notar til að koma skipulagi á hugsanir sínar. Málið er hluti hugarstarfsins, verkfæri hugsunarinnar. Mál er forsenda tals. Tal er ein aðferð mannsins til að koma hugsunum sínum á framfæri. Það byggir m.a. á hreyfingu talfæra.

Þegar fjallað er um málþroska einstaklings er átt við orðaforða, málskilning, tjáningu og framburð. Í bernsku lærir barnið fjölda hugtaka og skilningur þess eykst.

Barnið skilur fyrst orð og setningar sem sagðar eru við ákveðnar aðstæður, síðan nær það að skilja eitt og eitt merkingarbært orð í setningu og lærast nafnorð fyrst. Smám saman fer barnið að skilja heilar setningar. Það verður æ minna háð því að fylgjast með athöfn sem tengist því sem sagt er.

Samhliða þessu þróast talmálið.

Nánari skýringar

Þau börn sem ekki hafa náð að þróa með sér mál og tal, samkvæmt því sem aldurinn segir til um, eru sögð hafa seinkaðan málþroska. Seinkaður málþroski getur náð til eins eða fleiri þátta. Barn getur t.d. verið seinna með framburð en jafnaldrar og annað barn seinfært í öllum þáttum málþroskans.

Nemendur Klettaskóla eru flestir seinni til í málþroska. Þeir sem tengjast nemendum skólans verða að gera sér grein fyrir mismunandi málþroska þeirra bæði í málskilningi og tjáningu. Kennarar þurfa að sýna nemendum sem eiga við alvarlegustu skerðinguna að etja mikla tillitssemi og reyna eftir föngum að gera sér grein fyrir hvernig þessum nemendum líður og hvernig þeir reyna að tjá langanir sínar og þarfir. Efling málþroska vegur þungt og er yfirgripsmikill þáttur í starfi. Klettaskóla vegna þess hve margir nemendur þurfa markvissa kennslu í málskilningi, setningaupbyggingu og framburði.

Nemendur sem ekki ná að nýta sér venjulegt tal til tjáskipta á fullnægjandi hátt þurfa hjálp við að velja sér tjáningarleið. Hér gæti verið um að ræða „Bliss“ táknmálskerfið, „Pictogram“, „Tákn með tali“, PECS og fleiri leiðir. Hjálpartæki svo sem talvélar eða tölvur geta stundum komið til greina þegar um alvarlega skertan málþroska er að ræða. Þegar um aðra tjáningarleið en talmál er að ræða er mikilvægt að allir virði þá leið sem valin hefur verið.

Í byrjun skólagöngu er afar mikilvægt að fram fari mat og greining, sem sífellt er til endurskoðunar, hvar nemandinn stendur í málþroska og hvaða tjáningarleiðir eru helst færar. Niðurstöður þarf að kynna fyrir foreldrum/forráðamönnum og kennurum viðkomandi nemanda. Eitt af lykilatriðum þess að árangur náist í talkennslu er góð samvinna talkennarans og annarra sem umgangast nemandann. Oft reynist nemendum erfitt að nýta sér kunnáttu sína og færni, jafnvel í sínu daglega umhverfi. Þess vegna er mjög brýnt að sem flestir sem umgangast nemandann séu meðvitaðir um hvað hann kann og kalli eftir þeirri færni við mismunandi aðstæður, þ.e.a.s. kenni honum að yfirfæra kunnáttu sína.

Starfsmenn Klettaskóla þurfa að hafa í huga að málskilningur nemenda skólans er í flestum tilvikum skertur og þurfa því að haga fyrirmælum og tilsögn á þann hátt sem best nýtist hverjum og einum nemanda. Leggja ber rækt við að auka orðaforða nemenda og hugtakaskilning, útskýra orð og hugtök og ganga eftir því að nemendur beiti þeim rétt. Einnig ber að hafa í huga aldur nemanda við verkefnaval.

Nokkur grundvallaratriði

Hugtakaupbygging:

Að hjálpa barninu að skilja og byrja að nota hugtök og/eða tákn til boðskipta. Að hjálpa barninu að nota rétt eða viðeigandi orð yfir hluti, persónur, athafnir, tilfinningar, þarfir, langanir, skoðanir o.s.frv.

Málfræði og setningaupbygging:

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

Leitast skal við í kjölfar markvissrar hugtakabjálfunar, að kenna barninu að nota og skilja einfaldar setningar. Í fyrstu er um tveggja til þriggja orða setningar að ræða, en smám saman eykst lengd setninganna. Eftir því sem barnið notar flóknari setningar verða atriði eins og beygingar, tíðir sagna, persónufornöfn, eignarfornöfn og stigbreyting lýsingarorða mikilvægari.

Framburður:

Þegar börn með mikla framburðarörðugleika eiga í hlut er mikilvægt að leiðrétta þau á jákvæðan hátt til að þau heyri og læri réttan framburð. Annað mikilvægt atriði er að kenna börnunum að hlusta og gera greinarmun á réttu og röngu hljóði. Í framburðarvinnu er venjulega byrjað að skoða (e.t.v. fyrir framan spegi) myndunarstað málhljóðanna. Málhljóðin eru venjulega kennd í þeirri röð sem þau lærast í máltökunni þ.e.a.s. byrjað er með þau hljóð sem myndast fremst í munninum og síðan þau sem myndast aftar. Þegar við framburðarörðugleika er að etja er mjög æskilegt að talkennari veiti ráðgjöf varðandi leiðréttingar.

Markmið

Stefnt er að því að örva málþroska nemenda, þ.e. málskilning, tal og/eða aðra tjáningu svo að þeir geti komið óskum sínum og hugsunum á framfæri og átt tjáskipti við aðra. Á öllum aldurstigum skal leitast við að nemandinn:

- efli málþroska sinn
- verði sem færastur um að eiga tjáskipti við aðra
- öðlist færni við að tjá hugsanir sínar og langanir
- eigi möguleika á að nota aðrar tjáningaleiðir ef hann ekki nær að tjá sig með talmáli ·
geri sér grein fyrir umhverfi sínu og tileinki sér, eins og kostur er, þær tjáskiptareglur og hefðir sem gilda í samfélaginu

Tengsl við aðra námskrárbætti

Skörun við móðurmálskennslu er eðlilega mikil og nauðsynlegt að samþætting sé við alla námskrárbætti til að sem bestur árangur náist.

Prepamarkmið

1. Málskilningur

A. Frumskilningur

Að nemandinn:

- bregðist við einhverjum hljóðum
- bregðist við tali
- veiti því athygli þegar maður talar eða bendir
- hætti við athöfn þegar sagt er „nei“
 - skilji fyrirmæli sem eru gefin samfara bendingu, t.d. „komdu“, „sestu“, „uss“ o.s.frv.

B. Orðaforði og hugtakauppbygging

Að nemandinn:

- skilji að hlutir og persónur eiga nafn
- læri orð, hugtök og/eða tákni yfir algengustu hluti og athafnir sem tengjast daglegu lífi s.s. nöfn, heiti fjölskyldumeðlima, líkamshluta, föt, mat, farartæki, leikföng, húsgögn, áhöld o.s.frv.

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskabættir*

C. Setningar og málfræði

Að nemandinn:

- skilji mismunandi setningagerðir og fyrirmæli:
 - setningar með eitt merkingarbært orð (sýndu mér _____, réttu mér _____) • setningar með tvö merkingarbær orð (Þvoðu dúkkunni, láttu bangsa sitja) • setningar með þrjú merkingarbær orð (láttu bangsa undir borðið, réttu dúkkunni litlu skeiðina)
 - setningar með fjögur merkingarbær orð (láttu dúkkuna undir stóra rúmið)
 - samsettar setningar, sem innihalda flóknari málfræðileg atriði eins og: ▪
hugtök
 - flóknari forsetningar: inn í, upp á, fyrir framan o.s.frv.
 - neitanir
 - sagnmyndir í nútíð, þátíð og framtíð (t.d. „ég ætla að“, „ég er að fara að“) ▪
eintölu/fleirtölu

- spurnarfornöfn
- fornöfn: hann, hún, honum, henni, þeirra...
- þolmynd
- skilji röð tengdra/ótengdra fyrir mæla (gerðu fyrst___ svo___ síðan) (Sjá einnig: Rökhugsun)

2. Hlustun

Að nemandinn:

- læri að hlusta á umhverfishljóð, málljóð, orð o.s.frv. (sjá einnig: Heyrnarskyn, hljóðgreining og heyrnarminni)
- auki úthald sitt og einbeitingu við hlustun á:
 - fyrirmæli
 - skilaboð
 - frásagnir
 - samtöl annarra
 - sögulestur (einnig af segulbandi)

3. Málnotkun/Tjáning

Að færni nemenda aukist í að tjá sig með tali, táknum (með tali), Blissi, boardmaker myndum, eða með öðrum óhefðbundnum tjáskiptaleiðum.

A. Tjáning á formálsstigi

Að nemandinn:

- brosi til að fá svar hjá einhverjum
- láti í ljós þörf/ósk með hljóðmyndun í ýmsu formi
- láti í ljós þörf/ósk með handahreyfingum ásamt rödd
- hermi eftir handa-, höfuð- eða öðrum hreyfingum
- hermi eftir hljóðum framleiddum af sér/öðrum
- geti framleitt hljóð til að draga athygli að sér
- geti framleitt mismunandi hljóð, sem endurspeglar mismunandi þarfir

B. Að nota orðaforða og hugtök

Að nemandinn:

- noti einhver orð til að tjá þarfir/óskir

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

- noti orð eins og „meira“, „nei“, „allt búið“
- noti eitthvert orð þegar hann þarf á salerni
- nefni hluti eða persónur réttu nafni: fjölskyldu meðlimi, gæludýr, leikföng, mat, líkamshluta o.s.frv.
- segi nafnið sitt, ef spurt er
- noti „ég“ þegar hann talar um sig
- segi til um aldur, kyn, (heimilisfang, símanúmer)
- geti svarað einföldum spurningum á viðeigandi hátt:
 - t.d. já/nei spurningum játandi eða neitandi
 - t.d. hvað er þetta? með nafni hlutarins
 - Hvað ertu að gera? með því að nefna athöfn
 - Hver er þetta? með nafni
 - Hvernig?

- Hvenær?
- noti nokkur yfirhugtök s.s. leikföng, dýr, matur, farartæki o.s.frv.

C. Setningamyndun og tilfinning fyrir málfræði

Að nemandinn:

- tengi saman í tveggja orða setningum:
 - heiti og heiti (bolti, stóll)
 - heiti og eignarforafn (boltinn minn)
 - heiti og athafnarorð (pabbi fara)
 - heiti og eignarhald (pabbi bíll)
- myndi æ lengri setningar sem sýna tilfinningu hans fyrir málfræðilegum atriðum s.s.: • neitanir
 - sagnir í nútíð, þátíð, framtíð, þolmynd
 - fornöfn: ég, þú, það, þetta, þessi, hann, minn, þinn, hans, hennar, o.s.frv. • eintölu/fleirtölu
 - fallbeygingar í eintölu og fleirtölu
 - forsetningar
 - stigbeyging og áhersluorð: stærri-stærstur, stærri en, of stór, mjög stór (sjá einnig: Rökhugsun)
 - „og“ milli nafnorða/milli setninga
 - hugtök t.d. stór/lítill, strákur/stelpa, karl/kona, tómur/fullur o.s.frv.
 - aukasetningar tengdar með „því að“, „en“ o.s.frv.
- geti spurt spurninga:
 - hækki röddina í enda orðs eða setninga (noti réttar áherslur)
 - spyrji: Hvað er þetta?
 - segi „er“ í byrjun spurningar þegar við á
 - breyti orðaröð til að spyrja: „má ég?“ eða „fer hann?“
 - noti spurnarforöfn: Hvar?, hver?, hvenær?, hvernig?, af hverju? o.s.frv. • spyrji ef hann skilur ekki
 - spyrji spurningar og bíði eftir svari

D. Skipuleg frásögn

Að nemandinn:

- segi frá nýliðnum atburði í stuttri setningu
- segi frá atburðum í eðlilegri röð og að fram komi staður, stund og helstu persónur

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

- raði myndum í rétta atburðaröð og segi söguna (sjá einnig: Rökhugsun) · segi þekktu sögu án þess að styðjast við myndir
- segi einfaldar skrátlur

E. Að taka þátt í samræðum

Að nemandinn:

- haldi uppi stuttu samtali við féлага/fullorðinn (í leik)
- taki þátt í einföldum samræðum við jafnaldra/fullorðna/
- hafi frumkvæði að samtali við jafnaldra/fullorðna
- taki þátt á umræðum sem stjórnað er af fullorðnum
- hafi einnig samræður við ókunnuga, ef við á (sjá einnig: Félagsþroski, Athafnir samskipti)

F. Framburður

Öll framburðarvinna byrjar yfirleitt á því að sýna nemandanum hvað hann á að gera. Hentugt getur verið að setjast fyrir framan hann eða fyrir framan spegil og láta hann sjá hvað hann á að gera svo hann geti hermt eftir því sem hann sér og heyrir.

Áhersluþættir:

- matarþjálfun: sjúga, tyggja, kyngja
- æfingar og leikir til að liðka talfærin: gómur, varir, tunga
 - blásturs- og öndunaræfingar
 - andlitsleikfimi
 - heiti talfæranna
- heyrnarþjálfun: (sjá einnig: Skynjun, heyrnarskyn)
 - hlusta á sjálfan sig og gera mun á réttu og röngu máhljóði
 - hljóðgreining:
 - hljóð í framstöðu
 - hljóð í bakstöðu
 - hljóð í innstöðu

(sjá einnig: Íslenska, Málvitund- markviss málörvun)

- framburðarleiddréttung:
 - skoða myndunarstað máhljóðanna
 - kenna máhljóðin í þeirri röð sem þau lærast í máltökunni
 - skipta orð í atkvæði (sjá einnig: Íslenska, Málvitund- markviss málörvun) • æfingar með hljómfallið, t.d. tala hátt eða lágt

Mikilvæg atriði:

- hvorki fullorðnir né börn hugsa út í hvernig einstaka talfæri hreyfast meðan talað er · orðin eru okkur sem heild en ekki uppröðun einstakra talhljóða
- hvert talhljóð er sagt á sekúndubroti svo að umhugsunartíminn er enginn · öll talhljóð er okkur töm hvort sem við höfum vanist því að bera þau rétt eða rangt fram · það þarf mikla þolinmæði og árvekni við að venja barn á rétt málfar

G. Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Í skólanum eru í notkun:

- hlutir
- ljósmyndir
- Pictogrammyndir

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

- PECS-myndir
- Bliss-tákn
- Tákn með tali

Atriði sem þarf að hafa í huga:

- við val á tjáskiptaleið er mikilvægt að gera sér grein fyrir stöðu nemandans hvað varðar málskilning, tjáningargetu og hreyfigetu
- kenna þarf nemandanum notkun mynda, tákna eða hreyfinga
- sömu markmiðin varðandi málskilning og tjáningu gilda fyrir nemanda sem notar óhefðbundna tjáskiptaleið og nemanda sem notar talmál
- aðalatriði er að viðkomandi nemandi geri sig skiljanlegan
- leggja þarf áherslu á hljóðmyndun eða tal samhliða óhefðbundnum tjáskiptaleiðum · stundum er hentugt og leyfilegt að blanda saman mismunandi tjáskiptaleiðum · áherslu verður að leggja á yfirfærslu þegar kennd er ný tjáskiptaleið

· samvinna og skipulagning á umhverfi nemandans þarf að vera í gangi ·
óhefðbundnar tjáskiptaleiðir verða að hafa notkunargildi bæði fyrir nemandann og umhverfið hans

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Proskapættir*

Skynþroski – skynjun

Með hugtakinu skynjun er hér átt við hæfileikann til að endurþekkja áreiti og bregðast við áreiti sem berst tilteknu skynfæri. Skynjun felur einnig í sér úrvinnslu og túlkun áreitis. Að kannast við og samþætta áreiti er ferli sem á sér stað í heilanum en ekki í líffærum sem taka við skynáreitum (t.d. augum eða eyrum). Skynjun skiptist í mismunandi þætti. Mikilvægustu þættirnir eru sjónskyn og heyrnarskyn, sem aftur skiptast í ákveðin svið sem fræðimenn virðast hafa komið sér saman um. Þessi svið eru: skynjun hluta úr heild, samhæfing sjónar/heyrnar og hreyfinga, skyngeymd, skynjun stöðu hluta í rúmi og innbyrðis afstaða í tíma og rúmi. Aðrir þættir skynjunar tengjast bragð- og lyktarskyni, snerti- og stöðuskyni og eru ekki jafn þróaðir og heyrnar- og sjónskynjun. Hjá flestum lífverum eru það sjón og heyrn, sem skipta mestu máli fyrir tengsl þeirra við umhverfið og allt nám á lífsbrautinni. Sjón- og heyrnarskynjun gegnir t.d. mikilvægu hlutverki þegar um er að ræða þróun eiginleikans að skilja mælt mál og geta tjáð sig munnlega og skriflega.

Nánari skýringar

Skynjun er undirstaða þess að einstaklingurinn geti lært að þekkja umhverfi sitt og skapað sér þannig raunsæja mynd af þeim heimi sem hann lifir í. Á öllum sviðum skynjunarferlisins geta átt sér stað truflanir sem hafa áhrif á þroska einstaklingsins og þar með hæfileika hans til náms af öllu tagi. Klettaskóli er skóli fyrir þroskaheft og fjölfötluð börn sem flest eiga við einhverja skynjunarörðugleika að etja. Erfiðleikarnir geta birst á margvíslegan hátt og má þar til nefna skerta getu til þess að greina forgrunn frá bakgrunni þess sem er séð eða heyrt og erfiðleika með að sjá eða heyra að hlutur er sá hinn sami séður (heyrdur) frá mismunandi sjónarhornum. Nemendur geta einnig átt erfitt með að þekkja aftur hluti, skilja myndir og orð, samhæfa boð frá hinum ýmsu skynfærum og að nota það sem þeir hafa lært við nýjar og breyttar aðstæður.

Eigi nemendur við skynjunarörðugleika að stríða er hætta á að hegðunarörðugleikar geri einnig vart við sig. Nemandinn upplifir sig oft frábrugðinn jafnöldrum sínum án þess raunverulega að vita hvers vegna og getur það leitt til þess að sjálfsmýnd viðkomandi verði neikvæð. Ýmsir aðlögunarerfiðleikar geta þá komið í ljós svo sem erfiðleikar með að fara eftir settum reglum, einbeitingarskortur og lítið úthald til allra verka. Námsumhverfið þarf að vera skipulega uppbyggt og örvandi þar sem skynáreitir eru skýr. Of mörg og sterk áreiti í umhverfinu geta valdið einstökum nemendum erfiðleikum og ber jafnan að hafa slíkt í huga þegar námsumhverfið er skipulagt.

Nemendur Klettaskóla þurfa vegna fötlunar sinnar á skynþjálfun að halda. Fyrir þroskahefta nemendur er þessi þjálfun mikilvægur hluti af allri þjálfun einstaklingsins og nauðsynlegt er að sú þjálfun eigi sér stað í sem eðlilegustu umhverfi fyrir barnið og er þar átt við bæði í skóla og á heimili. Þegar um er að ræða nemendur með sértæka námsörðugleika eða aðrar fatlanir auk þroskahömlunar þarf að skipuleggja kennsluna þannig að unnt sé að þjálfa vissa þætti skynjunar á markvissan og skipulagðan hátt. Oft er þá nauðsynlegt að grípa til sérhæfðra hjálpartækja. Dæmi um þetta eru nemendur með skerta heyrn, sjón og hreyfigetu.

Markmið

Að nemandinn:

- læri að upplifa hluti, persónur, umhverfi og athafnir daglegs lífs og auðgi þar með reynsluheim sinn
- læri að skynja, aðgreina, flokka og átta sig á eiginleikum hluta
- þjálfist í að nota hugtök til að koma skipulagi á reynslu sína, nái sem bestum tökum á tilveru sinni og verði fær um að takast á við daglegar athafnir, nám og störf

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

Tengsl við aðra námskrárþætti

Skynþjálfun er mikilvægur hluti af allri þjálfun þroskaheftra nemenda. Nauðsynlegt er að þjálfunin fari fram í eðlilegu umhverfi í skóla, á heimili og á vinnustað. Það finnst hvergi námskrá svo ítarleg að hún uppfylli allar þarfir nemanda með skynjunarörðugleika á hinum ýmsu aldurstigum. Þess vegna er nauðsynlegt að kennarar séu meðvitaðir um mikilvægi skynþjálfunar í öllum kennslugreinum og leggi áherslu á að samnýta alla skynjunarþætti við nám svo sem framast er unnt.

Prepamarkmið

1. Sjónskyn

Ath. um alla sjónskynjunarþjálfun gildir að áður en farið er að vinna með blað og blýant, er nauðsynlegt að þjálfunin fari fram í leik og unnið sé með hluti í þrívídd.

A. Skynjun hluta úr heild eða frá bakgrunni

Markmið: að skynja einn hlut úr heild annarra hluta eða frá bakgrunni og geta þannig beint athygli sinni að því sem mikilvægast er hverju sinni.

Að nemandinn:

- lýsi hlutum og persónum úr umhverfi sínu
- leiti að ákveðnum hlutum í kennslustofu
- finni hlut meðal annarra ólíkra hluta
- finni hlut meðal annarra líkra hluta
- beri saman hluti og segi hvort hlutirnir eru líkir, ólíkir, alveg eins o.s.frv. · flokki hluti eftir eiginleikum s.s. lit, lögun, áferð o.s.frv (sjá einnig: Rökhugsun) · flokki myndir af hlutum eftir eiginleikum
- pari saman hluti eða myndir með sömu eiginleika s.s. stærð, lögun, lit o.s.frv. · finni hluti sem eru faldir á óvenjulegum stað á mynd
- finni hvaða atriði hafa breyst á myndum
- finni atriði á myndum sem geta ekki staðist (sjá einnig: Rökhugsun)
- greini á milli orða og stafa
- pari saman stafi eða tölustafi
- finni ákveðinn bókstaf/tölustaf meðal annarra, ólíkra eða líkra stafa
- finni orð meðal annarra ólíkra orða
- pari saman orð sem eru eins
- pari saman upphafsstafi og samsvarandi litla stafi
- finni ákveðinn staf eða ákveðið orð í texta

(sjá einnig: Íslenska, málvitund/markviss málörvun)

B. Skyngemynd

Markmið: að skynja að hluturinn er sá sami, þrátt fyrir að sjónræn áreiti breytast. Að nemandinn:

- handfjatli alls konar hluti og átti sig á stærð, lögun og hlutföllum þeirra (sjá einnig: Rökhugsun)
- taki í sundur og seti saman hluti
- pari saman hluti af sömu stærð, lögun, o.s.frv., þó hann sjái þá í mismunandi fjarlægð

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

- raði hlutum eftir einum eiginleika, s.s. stærð, þykkt, breidd o.s.frv.
- finni hluti, sem hafa ákveðið flatarmálsform, t.d. alla hluti sem eru eins og hringur, réttthyningur o.s.frv.
- þekki aftur hluti á myndum sem hann annars þekkir í raunveruleikanum · pari saman hluti og ljósmyndir, myndir og/eða útlínuteikningar af sömu hlutunum · pari saman hluti og/eða myndir af hlutum, þar sem hlutirnir eru sýndir í mismunandi stærðum, litum, á hvolfi eða frá öðru sjónarhorni
- þekki aftur bókstafi eða tölustafi þó að þeir séu skrifaðir eða prentaðir í mismunandi letri

C. Skynjun stöðu og innbyrðis afstöðu hluta í rými

(sjá einnig: Hreyfiþroska, líkamsvitund)

Markmið: að staðsetja hluti og skynja innbyrðis afstöðu þeirra út frá sjálfum sér. Að nemandinn:

- snerti líkamshluta á sjálfum sér eftir fyrirmynd frá kennara
- snerti líkamshluta á sjálfum sér eftir munnlegum fyrir mælum frá kennara · nefni eigin líkamshluta (sjá einnig: Málþroski)

- nefni líkamshluta á öðrum eða á myndum
 - setji líkamshluta á réttan stað á púsli
 - nefni eða teikni líkamshluta sem vantar hverju sinni á teikningu
 - staðsetji föt og aðra tilheyrandi muni á réttan stað, t.d. á dúkkulísu
 - geti fært sig á, yfir, undir, í kringum, við hliðina á, á milli, inn í, út úr, upp, niður, fyrir framan, fyrir aftan, til hægri, til vinstri
 - bendi á hvar er hægri og vinstri á líkama sínum
 - geti sagt hvar er hægri og vinstri á teikningum eða myndum af mönnum eða dýrum · geti sagt í hvaða átt fólk eða dýr (á myndum) snúa
 - geti sagt hvort hlutir eru nær eða fjær sér
 - raði hlutum t.d. kubbum, eftir fyrirmynd eða munnlegum fyrirætlum · byggi úr kubbum eftir teikningum
 - setji saman líkön með eða án fyrirmyndar
 - búi til mynstur eftir fyrirmynd á pinnabretti o.þ.h.
 - geti sagt til um staðsetningu hluta, t.d. í skólastofunni
 - geti notað forsetningar á réttan hátt þegar hann lýsir atriðum á mynd
- (sjá einnig: Málþroski)

D. Sjónminni

Markmið: að efla sjónrænt minni.

Að nemandinn:

- telji upp atriði í sambandi við útlit og eða fatnað annars nemanda sem hann sér ekki · fari í alls konar Kims-leiki
- telji upp hluti sem hann hefur snert og séð
- telji upp atriði af mynd sem honum var sýnd
- finni aftur hluti í kennslustofunni eftir að hafa séð myndir af þeim
- telji upp hluti sem hann hefur séð á mynd eða snert í réttri röð og/eða frá hægri til vinstri · muni eftir staðsetningu hluta í skólastofunni
- teikni hluti, form, mynstur o.þ.h. eftir að hafa séð þá í stutta stund

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Þroskaþættir

- endurbyggi mynstur úr kubbum eða öðru t.d. perlum eða pinnum eftir að hafa séð fyrirmyndina í stutta stund
- lýsi hlut eftir að hafa séð hann í skamma stund á myndvarpa eða töflu · leggi myndasögu í rétta röð eftir að hafa horft á myndirnar í stutta stund · endursegi innihald myndasögu eftir að hafa horft á myndirnar í stutta stund (sjá einnig: Málþroski)
- spili minnisspil

E. Samhæfing sjónar(augna) og hreyfinga

Markmið: að geta samhæft sjón við hreyfingar líkamans eða hluta líkamans.

a) Samhæfing augna og hreyfinga fóta og fótleggja

Að nemandinn:

- hlaupi
- stökkvi
- gangi upp og niður tröppur
- stígi yfir hlut sem á vegi er
- sparki bolta

- hoppi jafnfætis
 - hermi eftir hreyfingum annarra
- (sjá einnig: Hreyfiþroski, grófhreyfingar og íþróttir)

b) Stjórn augnhreyfinga

Að nemandinn:

- hreyfi augun frá vinstri til hægri, upp og niður án þess að hreyfa höfuðið ·
- láti augun fylgja hlut, t.d. bolta, á hreyfingu án þess að hreyfa höfuðið ·
- horfi á hlut í kyrrstöðu á meðan hann sjálfur er á hreyfingu

c) Samhæfing augna og hreyfinga handa og handleggja

Að nemandinn:

- grípi og hendi baunapokum, bolta o.s.frv.
- hendi eða rúlli bolta í mark
- fari úr vettlingum, skóm, sokkum
- taki umbúðir af nesti, sælgæti o.s.frv.
- renni upp og/eða niður rennilás
- hneppi frá, hneppi stórum og litlum hnöppum
- skrúfi lok af og á krukku
- opni og loki skólatösku sína
- opni og loki með lykli
- helli vatni úr könnu
- helli úr einu glasi í annað án þess að sulla
- skeri t.d. smjör, köku eða kartöflu með hnífi
- taki utan af banana eða appelsínu með höndunum
- bindi og losi skóreimar
- byggi úr stórum og litlum kubbum
- leggi form í formbretti eða púsli
- þræði stórar og litlar perlur á band

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

- spori með fingri eftir alls konar línnum, formum, stöfum o.s.frv.
 - vinni alls konar sporunarverkefni með blýanti
 - teikni eða skrifi eftir fyrirmynd línur, form, stafi o.s.frv.
 - teikni eða skrifi frjálst
 - klippi eftir stuttum og löngum línnum
 - klippi form eftir teiknuðum línnum eða án þess að hafa línur
- (sjá einnig: Hreyfiþroski, fínhreyfingar, samhæfing hreyfinga)

2. Heyrnarskyn

A. Hljóðgreining

Markmið: að beina athygli sinni að þeim hljóðáreitum sem máli skipta hverju sinni, að geta sagt hvaðan hljóðið kemur og/eða hver hljóðgjafinn er (sjá einnig: Málþroski). Að nemandinn:

- fari í alls konar hlustunarleiki með lokuð augu eða með bundið fyrir augun ·
- greini á milli ýmissa hljóða úr umhverfi sínu
- þekki aðra krakka af röddum þeirra
- þekki dýrahljóð og segir úr hvaða átt þau koma
- bendi í átt að ákveðnu hljóði

- gangi í átt að ákveðnu hljóði
- segi hvort hljóðgjafinn er fyrir framan, fyrir aftan, vinstra eða hægra megin við hann · þekki hlut af hljóði sínu þegar hann er látinn detta eða er hreyfður á annan hátt · fari í hljóðabingó og pari saman hljóð og viðeigandi mynd
- viti að sami hluturinn getur framkvæmt mismunandi hljóð, bíll t.d. flautar, bremsar, keyrir eða fer í gang
- skilji orð þó þau verði sögð eða lesin af mismunandi persónum með mismunandi áherslum o.s.frv.
- bregðist við fyrirfram ákveðnu hljóðmerki
- segi hvort ákveðið hljóð er nær eða fjær
- segi hvort ákveðið hljóð, t.d. frá bíl, er að nálgast eða fjarlægjast (sjá einnig: Samfélagsfræði, umferðarþjálfun)
- hlusti eftir ákveðnu orði í setningu
- pari saman orð sem ríma
- finni sjálfur rímorð
- pari saman myndir af orðum sem ríma
- pari saman orð sem eru eins
- finni ákveðið hljóð í orðum
- finni orð sem byrja á sama hljóði
- segi til um hvort ákveðið hljóð heyrir fremst, aftast eða í miðju ákveðins orðs (sjá einnig: Íslenska, málvitund-markviss málörvun)
- hlusti eftir ákveðnum tónum, töktum, hljómunum, hljóðfærum, þegar hann hlustar á tónlist. · geti sagt á hvaða hljóðfæri er spilað
- geti sagt hvort hljóð eða tónn heyrir hátt eða lágt, veikt eða sterkt, langt eða stutt, djúpt eða skært (sjá einnig: Tónmennt)

B. Heyrnarminni

Markmið: Að æfa minni sitt fyrir hljóðræn áreiti (sjá einnig: Málþroski).

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Proskapættir*

Að nemandinn:

- fylgi fyrirmælum (í rétttri röð) um leið og hann heyrir þau
- fylgi fyrirmælum eftir að 10 - 15 mínútur eru liðnar frá því þau voru gefin · endurtaki orð eða tölur í rétttri röð, eftir stuttan eða lengri tíma
- læri símanúmerið og heimilisfangið sitt
- endurtaki stuttar og langar setningar orðrétt
- endursegi stutta sögu strax eða daginn eftir að hafa heyrt hana
- læri söngtexta, vísur o.s.frv. (sjá einnig: Íslenska)
- hermi eftir hljóði sem kennarinn myndar
- endurtaki hljóðarunur í sömu röð og kennarinn
- endurtaki merkingarlausar hljóðarunur
- átti sig á ákveðinni röð hljóða í orðum
- telji hvað oft ákveðið hljóð heyrir
- brjóti orð niður í hljóð og seti þau saman aftur (sjá einnig: Íslenska, málvitund-markviss málörvun)
- telji upp röð daga í viku og röð mánaða í ári. (Sjá einnig: Rökhugsun)

C. Samhæfing heyrnar og hreyfinga

Markmið: að geta samhæft heyrn við hreyfingar líkamans eða hluta líkamans. Að nemandinn:

- hreyfi líkamann á handahófskenndan hátt sem viðbrögð við tónlist
- fari í hreyfileiki t.d. höfuð, herðar, hné og tær...
- hermi eftir takti sem kennarinn slær með því að banka, klappa, stappa · gangi, hlaupi eða hreyfi sig á annan hátt í takt við hljóð sem kennarinn myndar t.d. á trommu eða píanó
- spili á ásláttarhljóðfæri (trommu, klukkuspil) í takt við tónlist
- gangi í takt við tónlist með eða án skiptandi hraða
- dansi í takt við tónlist (sjá einnig: Tónmennt, Íþróttir)
- klappi eða stappi atkvæði orða (sjá einnig: Íslenska, málvitund-markviss málörvun) · máli eftir tónlist

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

Vitsmunaproski - rökhugsun

Skertur vitsmunaproski þýðir að hæfni einstaklingsins til þess að læra og takast á við verkefni er heft með einum eða öðrum hætti. Oft helst skertur vitsmunaproski í hendur við aðra skerta þroskaþætti, svo sem mál-, skyn- eða hreyfiþroska. Samspil þroskaþátta hjá vitsmunalega skertum einstaklingi getur verið margvíslegt og fylgir einstaklingsbundnu mynstri.

Skólanám hefur frá fyrstu tíð beinst að því að þroska vitsmuni nemenda. Meginmarkmiðið er að veita einstaklingnum þekkingu sem geri hann hæfari til þess að leysa þau verkefni sem lífið leggur honum á herðar. Vitsmunaproski er e.t.v. sá þroskaþáttur sem nútímaþjóðfélag leggur stöðugt meiri áherslu á hjá þegnum sínum. Íslenskt samfélag gerir, eins og reyndar önnur nútíma vestræn samfélög, miklar vitsmunalegar kröfur til þegna sinna. Í síbreytilegu og flóknu nútímaþjóðfélagi hefur tæknivæðingin leitt til þess að einföldum störfum fækkar og krafan um talsverða verkkunnáttu eykst. Því má segja að þeir standi best að vígi sem hafa þroskað vitsmuni sína sem mest til þess að takast á við síbreytilega heimsmynd. Allir skólar reyna að undirbúa nemendur sína í þessu skyni.

Nánari skýringar

Skertur vitsmunaproski nemenda Klettaskóla hefur áhrif á námsárangur þeirra. Nemendur þurfa lengri tíma til þess að tileinka sér þekkingu og þeir þurfa miklar endurtekningar til að ná tökum á vinnubrögðum og færni við lausn verkefna. Fylgi kennari einhverjum hugmyndum eða kenningum

um stigskiptingu vitsmunabroskans getur hann ekki stuðst við ákveðinn aldur eða aldursbil, sem slíkar hugmyndir byggja iðulega á. Nemendur í Klettaskóla eru t.a.m. mun lengur á hlutbundnu stigi vitsmunabroskans, skv. stigskiptingu Piaget, en almennt gerist og sumir þeirra komast jafnvel aldrei af því stigi. Þá getur verið mikið misvægi milli einstakra þroskaþátta hjá sama nemandanum.

Markmið

Meginmarkmiðið er að vitsmunabroski nemanda eflist svo að hann öðlist þekkingu sem:

- gerir honum kleift að leysa sem flest verkefni sem gerð er krafa um til þegna í íslensku samfélagi
- gerir tilveru hans ánægjulegri og samskiptin við aðra auðveldari

Tengsl við aðra námskrárþætti

Allt skólastarf tengist vitsmunabroska. Allar námsgreinar og flestar athafnir byggja að verulegu leyti á honum. Tengsl við alla aðra námskrárþætti eru því augljós.

Prepamarkmið

1 Að öðlast skilning á umhverfinu

Vitund um að hlutir og persónur haldi áfram að vera til þótt þeir séu ekki sjáanlegir Að nemandinn:

- fylgi hlut með augunum (sjá einnig: Sjónskyn)
- taki eftir þegar persóna eða hlutur hverfur úr auglýn
- finni hluti sem eru huldur
- leiti að hlutum sem eru faldur og gefist ekki upp
- geti farið í feluleik
- tali eða hugsu um hluti eða persónur sem eru fjarverandi (sjá einnig: Málþroski)

Skilningur á samhengi á milli orsakar og afleiðingar

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

Að nemandinn:

- hermi eftir athöfnum annarra
- endurtaki athafnir sem hafa borið árangur
- færi sig úr stað til að ná vissu markmiði t.d. til að ná í hlut
- nýti sér aðra hluti til hjálpar t.d. þrik eða bandspotta
- prófi aðrar aðferðir eftir mistök
- geri greinarmun á orsök og afleiðingu
- geti ályktað um orsök ef hann sér afleiðinguna og öfugt (sjá einnig: Íslenska)

Meðhöndlun hluta

Að nemandinn:

- leiki sér og rannsaki hluti á ýmsa vegu
- meðhöndli hlut eftir eðli hans og formi t.d. beygi sveigjanlega hluti, láti einn hlut ofan í annan
- noti hluti sem tákni fyrir annað t.d. getur kubbur verið bíll (sjá einnig: Félagsþroski) · sýni að hann skilur viðurkennda notkun leikfanga t.d. lætur dúkku í rúm · sýni að hann veit til hvers maður notar algenga hluti t.d. eldhúsáhöld, útvarp o.s.frv. · þekki aftur kunnuglega hluti (líka á myndum)
- þekki þá hluti með nafni (sjá einnig: Málþroski)

2 Skilningur á lögmálum hluta

Undirstöðuatriði stærðfræðinnar

a) venslahugtök:

- stærð: stór, lítill, stærstur minnstur, jafnstór, stærri en, minni en, næststærstur ·
lengd: langur, stuttur, jafnlangur, lengstur, styttri en, síður
- hæð: hár, lægstur
- þykkt: þykkur, þynnstur, þröngur, víður, breiður, mjór, sver, grannur ·
þyngd: þyngri, léttari
- fjöldi: flestir, fáir, fleiri en, færri en, jafn margir
- massi (magn): mikið, minnst, jafn mikið, lítið, mest, engin

b) röðunarhugtök:

- röðun: fyrstur, síðastur, í miðjunni, næstur á undan, næstur á eftir, fyrir framan,
fyrir aftan, eins, öðruvísi

c) formhugtök:

- form: hringur, þríhyrningur, ferhyrningur, kubbur, teningur, kúla
- A) pörun B) flokkun C) röðun D) samsvörun E) varðveisla

Pörun (sjá einnig: sjónskyn, stærðfræði)

Að nemandinn:

- pari saman hluti sem heyra saman á einn eða annan hátt:
 - hluti eða myndir af hlutum sem eru eins
 - hlut og mynd af hlutum
 - hluti eða myndir af hlutum sem eiga saman s.s. blóm og vasa, tannbursta og tannkrem o.s.frv.
 - hluti og myndir af hlutum með sömu eiginleika s.s. stærð, lögun og lit •
hluti eða myndir af hlutum sem eru andstæður

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Þroskaþættir*

Flokkun

Að nemandinn:

- flokki hluti og myndir undir ýmiskonar almenn hugtök t.d. notkun, staðsetningu o.s.frv. ·
flokki hluti og myndir eftir einum eiginleika t.d. stærð, lögun, lit, áferð o.s.frv. (sjá einnig:
Sjónskyn)
- flokki hluti og myndir eftir tveimur eða fleiri eiginleikum
- beri saman tvo hluti eftir ákveðnum eiginleika s.s. stærð, lengd, breidd og getur sagt hvor
hluturinn er stærri, lengri, breiðari o.s.frv.

Röðun

Að nemandinn:

- raði hlutum og myndum eftir eiginleikum t.d. stærð, lengd, breidd og finni stærsta,
lengsta og breiðasta hlutinn
- hermi eftir uppröðuðum mynstrum
- búi til raðir (eftir ákveðnum reglum)
- finni út reglu sem ákveðin röð byggist á
- staðsetji hluti rétt í ákveðinni röð

Samsvörun

Að nemandinn:

- pari einn hlut á móti öðrum t.d. egg og eggjabíkar
- pari tvo og tvo hluti þar sem fjöldinn passar ekki saman t.d. fleiri egg en eggjabíkarar og
segi hvar eru fleiri eða færri hlutir, eða hvort hlutirnir eru jafn margir

Varðveisla

Að nemandinn:

- viti að vissir eiginleikar t.d. fjöldi eða massi haldast óbreyttir, þó einhverjar breytingar eða tilfærslur eigi sér stað

3 Skilningur á tímans rás (sjá einnig: Málþroski)

Að nemandinn:

- viti að ákveðnar daglegar athafnir eiga sér stað á mismunandi tímum dagsins · þekki og noti hugtökin: „í dag“, „í kvöld“, „í nótt“ o.s.frv.
- viti að allar athafnir eiga upphaf og endi
- skilji hugtökin: „núna“, „þá“, „seinna“
- muni eftir liðnum atburðum: „fyrst gerði ég... og svo...“
- raði myndum í rétta tímaröð
- nýti sér stundatöflu (myndir, tákn, orð) til að vita hvað hann á að gera næst, og hvað hann er búinn að gera
- skipuleggi sjálfur athafnir sínar fyrirfram, „fyrst verð ég að..., síðan..., í lok...“ · tengi hvern vikudag ákveðnum athöfnum í skóla eða heima
- nefni vikudagana í réttri röð (sjá einnig: Heyrnarminni)
- viti í hvaða mánuði hann á afmæli og hvort hann er búinn að eiga afmæli eða ekki · viti hvaða ár er (sjá einnig: Samfélagsfræði)

4 Samspil rökhugsunar og ímyndunarafls

Að nemandinn:

- finni fleiri en eina lausn fyrir ákveðið vandamál

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Prosaþættir

- átti sig á ef eitthvað er „út í hött“
- dragi ályktanir af vísbendingum sem hann fær · geti giskað á ef hann veit ekki með vissu · geti leyst einfaldar gátur og þrautir · geti ímyndað sér atburði

Námsgreinar

1. [Heimilisfræði](#)
2. [Hönnun – smíði](#)
3. [Íslenska](#)
4. [Skólaíþróttir](#)
5. [Myndmennt](#)
6. [Samfélagsgreinar](#)
7. [Náttúrugreinar](#)
7. [Stærðfræði](#)
8. [Textílmennt](#)
9. [Tónmennt](#)
10. [Upplýsinga- og tæknimennt](#)
11. [Enska](#)

Heimilisfræði

Heimilisfræði er ein svokallaðra verkgreina og „fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis“ (bls. 152). Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og færni í heimilisstörfum, s.s. matreiðslu, hollusta og hreinlæti auk kunnáttu í neringarfræði. Áhersla er lögð á að efla kostnaðarvitund hjá nemendum og glæða áhuga þeirra á „umhverfisvernd og sjálfbærum lífsháttum“ (bls. 153).

Grunnstig

Áfangamarkmið (1. - 4. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn geti greint á milli hollrar og óhollrar fæðu

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- fái þjálfun í að nota myndrænar leiðbeiningar
- fái þjálfun í að nota einföld mælitæki
- fái þjálfun í að ganga frá að verki loknu
- fái þjálfun í réttum vinnubrögðum í eldhúsi

Matvælafræði

Að nemandinn hafi séð og bragðað algengar fæðutegundir

Hreinlæti

Að nemandinn fái þjálfun í að tileinka sér persónulegt hreinlæti

Neytendafraði og umhverfisvernd

Að nemandinn:

- þekki hugtökin umhverfisvernd og endurnýting
- þjálfist í að flokka almennt sorp

Aðrir þættir

Að nemandinn þekki og skilji orð og hugtök sem tengjast viðfangsefninu

Prepamarkmið (1. - 4. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn:

- kynnist því að til eru hollar og óhollar fæðutegundir t.d. ferskir ávextir eða sælgæti.
- kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og hverjar eru slæmar fyrir tennurnar t.d. skyr, fjörmjólk og hrátt grænmeti eða sælgæti og gosdrykkir

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- kynnist myndrænum uppskriftum og hvernig þær eru notaðar
- þekki dl mál, matskeið og teskeið
- kynnist einföldum áhöldum
- fái verklega þjálfun í samvinnu við kennara
- læri að þvo og afhýða ávexti
- læri að brytja ávexti með hnífi
- læri að mæla í dl. t.d. létt a.b.mjólk, matskeið t.d. morgunkorn og ávaxtasafa og teskeið t.d. kókovált
- geti smurt brauð og skorið álegg t.d. agúrku og tómata
- geti skorið ost í sneiðar með ostaskera
- læri að opna umbúðir t.d. með skærum
- læri að leggja á borð
- læri að ganga frá áhöldum og raða í uppþvottavél
- læri að þvo vinnuborð sitt og að skola úr og vinda borðklútinn

Matvælafræði

Að nemandinn:

- læri nöfn algengra fæðutegunda og læri að þekkja grænmetis- og ávaxtategundir og mismunandi áleggstegundir
- bragði matvælin sem unnið er með

Hreinlæti

Að nemandinn:

- temji sér að þvo sér um hendur áður en starf hefst í eldhúsi
- venjist því að setja upp svuntu, bretta upp ermar og binda um sítt hár áður en hafist er handa við matreiðslu

Neytendafræði og umhverfisvernd

Að nemandinn:

- læri að skola tómar fernur og flokka í endurvinnslu

Aðrir þættir

Að nemandinn:

- læri algeng hugtök sem notuð eru í heimilisfræði t.d. ofan á, undir, við hliðina á, volgt, heitt, kalt, mjúkt, að sjóða, að kæla, o.s frv.

- byrji að þekkja eldhúshöld og viti til hvers þau eru notuð
- temji sér að sýna kurteisi
- læri að setjast að sameiginlegu borðhaldi, læri að hella í glasið sitt og skammta sér hæfilega mikið á disk
- læri að smakka á því sem fram er borið, rétta sessunauti sínum og að sýna kurteisi og tillitssemi við sameiginlegt borðhald
- læri að ganga frá eftir borðhald, þvo diskamottur og borð og raða stólum

Miðstig

Áfangamarkmið (5. - 7. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn:

- læri að góð næring er undirstaða góðrar heilsu
- kynnist góðum matarvenjum
- viti um samspil mataræðis og góðrar tannheilsu

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- læri að fara eftir myndrænum leiðbeiningum
- læri að nota einföld mælitæki og hvað ber að varast við notkun þeirra
- fái þjálfun í að vinna að léttum matreiðsluverkefnum
- fái þjálfun í að leggja á borð og nota góða borðsiði
- geti tekið þátt í að ganga frá að verki loknu

Matvælafræði

Að nemandinn:

- þekki algengar fæðutegundir
- hafi bragðað fæðu úr öllum reitum fæðuhringsins

Hreinlæti

Að nemandinn:

- læri að tileinka sér persónulegt hreinlæti
- geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla

Neytendafraði og umhverfisvernd

Að nemandinn hafi tileinkað sér hugtökin umhverfisvernd og endurnýting

Aðrir þættir

Að nemandinn:

- þekki og skilji orð og hugtök sem tengjast viðfangsefninu
- temji sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
- bragði með jákvæðu hugarfari á öllum fæðutegundum sem unnið er með
- viti að mikilvægt er að borða hollan mat

Prepamarkmið (5. - 7. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn:

- viti að til eru hollar og óhollar fæðutegundir t.d. ferskir ávextir eða súkkulaðikex
- viti hvaða fæðutegundir eru góðar og hverjar eru slæmar fyrir tennurnar t.d. skyr, fjörmjólk og hrátt grænmeti eða sælgæti og gosdrykkir
- læri að sífellt nart skemmi tennur
- geri sér grein fyrir því hversvegna góð tannhirða er mikilvæg
- læri að raða algengum morgunverðartegundum í fæðuhringinn
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða góðan morgunmat og að hafa með sér hollt skólanesti
- læri að vatn er hollur, góður og ódýr svaladrykkur
- geti gert samanburð á hollum og óhollum drykkjavörum

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- læri að lesa myndrænar uppskriftir t.d. byrja fremst í flettibók og efst á blaðsíðu og að vinna verkefnið í réttri röð
- þekki dl mál og matskeið
- kynnist einföldum áhöldum
- fái verklega þjálfun í samvinnu við kennara
- læri að þvo og afhýða ávexti
- læri að brytja ávexti með hnífi
- læri að mæla í dl. t.d. létt a.b.mjólk og matskeið t.d. morgunkorn og ávaxtasafa
- geti smurt brauð og skorið álegg t.d. agúrku og tómata
- geti skorið ost í sneiðar með ostaskera
- geti mælt 5 dl = ½ lítra
- læri að opna umbúðir t.d. með skærum
- fái æfingu í að setja saman og nota rafmagnsþeytara
- læri að leggja á borð
- læri að þvo upp og ganga frá áhöldum
- læri að þvo vinnuborð sitt og að skola úr og vinda borðklút

Matvælafræði

Að nemandinn:

- læri nöfn algengra fæðutegunda og læri að þekkja grænmetis- og ávaxtategundir og mismunandi áleggstegundir
- bragði matvælin sem unnið er með

Hreinlæti

Að nemandinn:

- temji sér að þvo sér um hendur áður en starf hefst í eldhúsi
- geti þvegið sér rétt um hendur
- geri sér grein fyrir hversvegna og hvenær hendur eru þvegnar
- venjist því að setja upp svuntu, bretta upp ermar og binda um sítt hár áður en hafist er handa við matreiðslu

Neytendafraði og umhverfisvernd

Að nemandinn:

- fá kynni af því hvernig bæta má umhverfið, sápa, vatn, einnota umbúðir, pappír ·
læri að skola tómar fernur og flokka í endurvinnslu

Aðrir þættir

Að nemandinn:

- læri algeng hugtök sem notuð eru í heimilisfræðinni t.d. ofan á, undir, við hliðina á, volgt, heitt, kalt, mjúkt, að sjóða, að kæla, o.s frv.
- læri að þekkja eldhúsahöld og skilja leiðbeiningar um notkun þeirra t.d. að sneiða, að smyrja, að skera, að saxa, að blanda, að hræra, að þeyta, að mæla, að vigta o.s.frv. · temji sér að sýna kurteisi
- læri að setjast að sameiginlegu borðhaldi, læri að hella í glasið sitt og skammta sér hæfilega mikið á diskinn
- læri að smakka á því sem fram er borið, rétta sessunauti sínum og að sýna kurteisi og tillitssemi við sameiginlegt borðhald
- læri að ganga frá eftir borðhald, þvo diskamottur, þvo borð og raða stólum

Miðstig – áfangamarkmið (8. og 9. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn:

- geti raðað fæðutegundum í fæðuhring
- geri sér nokkra grein fyrir mikilvægi reglubundinna máltíða og nestis
- viti um samspil mataræðis og góðrar tannheilsu

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- hafi þjálfast í einföldum aðferðum í matreiðslu og góðum vinnubrögðum ·
geti notað einföld tæki í eldhúsi og viti hvað ber að varast við notkun þeirra ·
hafi fengið þjálfun í að leggja á borð og nota góða borðsiði
- hafi tileinkað sér góða umgengni
- þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki

Matvælafræði

Að nemandinn:

- þekki algengar fæðutegundir
- hafi bragðað fæðutegundir úr öllum reitum fæðuhringsins

Hreinlæti

Að nemandinn geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla

Neytendafraði og umhverfisvernd

Að nemandinn hafi öðlast ábyrga tilfinningu gagnvart verðmætum og sparnaði

Aðrir þættir

Að nemandinn:

- temji sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald

- bragði með jákvæðu hugarfari á öllum fæðutegundum sem unnið er með ·
- viti hvað eru góðar lífsvenjur
- viti að mikilvægt er að borða hollan mat

Prepamarkmið (8. og 9. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn:

- læri að raða algengum morgunverðartegundum í fæðuhringinn
- geri sér grein fyrir hlutföllum í fæðuhringnum, fituflokkur er lítil en grænmetis- og ávaxtaflokkar eru stórir
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða góðan morgunmat og að hafa með sér hollt skólanesti
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjarvörum
- viti að vatn er hollur, góður og ódýr svaladrykkur
- geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum fyrir tennur ·
- læri að sífellt nart skemmir tennur
- geri sér grein fyrir því hversvegna góð tannhirða er mikilvæg

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- þekki einföld áhöld, geti notað þau og viti hversvegna þau eru notuð ·
- læri að nota tímamæli og pottaleppa
- geti notað bollamál
- geti mælt heilan og hálfan lítra
- geti mælt í heilu og hálfu með dl máli og notað allar mæliskeiðarnar ·
- læri að taka upp niðursuðudósir með dósahnífi
- þjálfist í að taka til hráefni í uppskrift með hliðsjón af myndrænum og rituðum uppskriftum
- læri að nota eldavél, bakarofn og örbylgjuofn og geti stillt hitastig og tíma með hliðsjón af myndrænum og rituðum leiðbeiningum
- fái þjálfun í að flysja og rífa niður grænmeti og fái þjálfun í að búa til einfalda rétti · læri að nota vöflujárn, rafmagnsþeytara og hrærivél og viti hvað ber að varast við þessi tæki
- geti lagt snyrtilega á borð
- geti unnið í samvinnu við aðra
- geti hafið verk, séð fyrir verklok og geti gengið frá á sínu vinnusvæði að verki loknu

Matvælafræði

Að nemandinn:

- viti hvaðan matvælin koma sem unnið er með
- geti bragðað, lýst og snert þau matvæli sem unnið er með
- geti gert samanburð á grófu og fínu brauði

Hreinlæti

Að nemandinn:

- geri sér grein fyrir að örverur eru til í umhverfi okkar
- læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf (þvo hendur, matvæli, áhöld, borðklút) · geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að hreinsa grænmeti og ávexti · fái þjálfun í að þvo og hreinsa áhöld
- þjálfist í að þvo upp í höndum samkvæmt hreinlætiskröfum
- þjálfist í að halda röð og reglu á sínum vinnustað
- læri að halda eldunartækjum hreinum og raða í skúffur og skápa
- læri að raða borðbúnaði og áhöldum í uppþvottavél
- læri að sópa gólf og taka rusl á fægiskóflu
- læri að brjóta saman klúta, þurrkur og handklæði
- læri að nota strauborð og straujárn og geti straujað einföld stykki

Neytendafraeði og umhverfisvernd

Að nemandinn:

- temji sér að nota lítið af efnunum sem spilla umhverfinu t.d. sápa, pappír, umbúðir · kynnist því að á mjólkurumbúðum eru ýmsar upplýsingar t.d. innihaldslýsing, dagsstimplar og ýmis fróðleikur
- temji sér sparnað og ábyrgð gagnvart verðmætum t.d. orkunotkun, pappír o.fl

Aðrir þættir

Að nemandinn:

- læri orð og hugtök sem tengjast viðfangsefninu
- geti deilt með öðrum
- vinni með gleði og jákvæðu hugarfari
- geti unnið með öðrum og sýnt tillitssemi
- kynnist því hvaða störf þarf að vinna á heimilum og hver ber ábyrgð á þeim · þjálfist í að leggja fallega á borð
- tileinki sér kurteisi og tillitssemi við borðhald og þjálfist í að nota hnífapör rétt · temji sér að bragða með jákvæðu hugarfari á öllum matvælum sem unnið er með (ekki matvæðni)
- geri sér ljóst að nauðsynlegt er að fá nægan svefn og hvíld.

Efsta stig – áfangamarkmið (10. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn:

- þekki heiti orkuefna og næringarefna og helstu hlutverk þeirra
- geti gert einfalda neyslukönnun á eigin morgunverði og geti gert samanburð á fæðutegundum eftir næringarefnatöflu (nota tölvu)
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur og lífshættir hafa áhrif á heilsuna · geti með hjálp fæðuhringsins valið sér holla fæðu

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Námssgreinar*

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- geti búið til einfaldar máltíðir
- hafi tileinkað sér góðar vinnustellingar
- geti mælt og vegið
- þekki algengustu áhöld og tæki og geti notað þau rétt
- geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum
- geti farið eftir viðurkenndum kröfum um hreinlæti og viti um skaðlegar örverur.
- kundi að meðhöndla og geyma matvæli.
- geti notað matreiðslubækur og alhliða upplýsingar.
- geti skipulagt innkaup.
- geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra.

Matvælafræði

Að nemandinn:

- þekki fæðuflokkana og geti raðað fæðutegundunum í þá
- hafi öðlast þekkingu á því hvernig geyma skuli mismunandi matvæli
- þekki algengustu næringarefni í algengustu fæðutegundunum
- geti notfært sér hálftilbúinn mat og metið kosti hans og galla
- geti hagnýtt sér umbúðamerkingar

Hreinlæti

Að nemandinn:

- geti haldið röð og reglu á sínum vinnustað
- geti þvegið upp í höndum og í uppþvottavél
- geti farið eftir fatamerkingum og flokkað þvott
- hafi öðlast jákvætt viðhorf gagnvart hreinu umhverfi

Neytendafræði og umhverfisvernd

Að nemandinn:

- geti gert einfaldan verðsamanburð
- hafi skoðað umbúðamerkingar matvæla
- viti að endurnýting umbúða og sparnaður á sápuendum getur leitt til betra umhverfis

Aðrir þættir

Að nemandinn:

- viti hvað eru góðar lífsvenjur
- geti sett sig í spor annarra og sýnt í verki hvernig hægt er að sýna hjálpssemi og tillitssemi
- þekki helstu orsakir slysa og viti hvernig koma má í veg fyrir þau
- geti nýtt sér upplýsingar, varúðarreglur og varnaðarmerki

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Námsgreinar*

Prepamarkmið (10. bekkur)

Næring og hollusta

Að nemandinn:

- geri sér grein fyrir að prótein, kolvetni og fita eru orkuefni sem gefa orku við bruna í líkamanum
- geri sér grein fyrir að orkan er mæld í hitaeiningum (kaloríum) (1g af próteini gefur 4 hitaeiningar, 1g af kolvetnum gefur 4 hitaeiningar og 1g af fitu gefur 9 hitaeiningar)
- geri sér grein fyrir að prótein er aðalbyggingarefni líkamans
- geri sér grein fyrir að vítamín (a,b,c,d,e) og steinefni (kalk og járn) eru næringarefni · viti úr hvaða fæðutegundum við fáum nauðsynlegustu efnin t.d. c og b vítamín úr ávöxtum og grænmeti, a, d, og e vítamín úr lýsi og fiski, kalk úr mjólkurvörum og grænmeti og járn úr kjötvörum, innmat og dökku grænmeti
- geti skoðað næringarefnatöflur og borið saman magn orku og næringarefna í matvælum (skoða í tölvu)
- viti að kalk og d vítamín er nauðsynlegt til að byggja upp bein og tennur · viti að járn, c vítamín og prótein er nauðsynlegt til að byggja upp blóð og frumur · viti að a vítamín er nauðsynlegt fyrir slímhúð og fyrir augun (sjónina)
- viti að það að borða hollan og fjölbreyttan mat, regluleg hreyfing t.d. synda eða hlaupa og hæfilega mikill og reglulegur svefn hefur áhrif á heilsu, líkamsþyngd og daglega líðan · læri að nota fæðuhringinn til að velja sér rétt mataræði

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandinn:

- kunni skil á þeim áhöldum sem nota þarf við matreiðslustörf
- tileinki sér að velja og nota rétt áhöld við matreiðslustörf
- geti mælt og vegið með algengum mælitækjum t.d. desilítramáli, lítramáli, bollamáli, öllum mæliskeiðunum og notað vigt
- fái þjálfun í að notað eldavél og bakarofn
- fái þjálfun í að nota hrærivél
- fái þjálfun í að vinna eftir myndrænum uppskriftum og leiðbeiningum · fái þjálfun í að vinna eftir rituðum uppskriftum og leiðbeiningum
- þjálfist í að vinna skipulega og sjálfstætt eftir uppskriftum og leiðbeiningum · tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu við að hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa, sjóða og steikja
- fái þjálfun í að matreiða fjölbreyttan girnilegan og góðan hversdagsmat (samkvæmt manneldismarkmiðum)
- fái þjálfun í að baka heilubollur og gróft brauð
- fái þjálfun í einföldum bakstursaðferðum t.d. að baka vöflur, pönnukökur, skúffuköku, eplaköku, kanelnúða o.fl.
- temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar
- temji sér sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- tileinki sér að fara eftir viðurkenndum kröfum um hreinlæti við matargerð · geti unnið skipulega að verkefni sínu, geri sér grein fyrir upphafi og verklokum og geti gengið frá vinnusvæði sínu hreinu og snyrtilegu
- viti hvernig geyma á matvæli og geti gert greinarmun á kælivöru og frystivöru · læri að búa um matvæli í kæli og frysti

Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.

Námsgreinar

- geti búið til innkaupalista fyrir ákveðna uppskrift sem á að matreiða
- geti farið í verslun og lesið merkingar á umbúðum t.d. dagsstimplun, geymsluþol, þyngd, verð pr. kg o.fl.
- geti notfært sér leiðbeiningar á umbúðum um matreiðslu og meðferð vörunnar, t.d.

- lasagne í pakka, forsteiktar franskar kartöflur og fylltar fiskrúllur
- geti lagt fallega á borð og séð um að borðhald fari vel fram
 - geti sýnt kurteisi og tillitssemi við sameiginlegt borðhald og geti tekið þátt í samræðum
 - fái þjálfun í að vinna með öðrum og geti sýnt góð samskipti á vinnustað

Matvælafræði

Að nemandinn

- þekki fæðuhringinn og geri sér grein fyrir eiginleikum hvers flokks og hlutföllum flokkanna í rétt samsettri máltíð (mikið úr grænmetis- og ávaxtaflokki og lítið úr fituflokki)
- kynnist helstu vinnslu og geymsluáðferðum matvæla og viti hvernig geyma skal matvæli heima t.d. í búi, kæli og frysti
- kynnist umbúðamerkingum matvæla og nýti þær til að meta kosti og galla tilbúins og hálftilbúins matar
- geti hagnýtt sér umbúðamerkingar við geymslu, matreiðslu og framreiðslu matvæla. · viti hvað er átt við með léttvöru t.d. léttmjólk hefur færri hitaeiningar en nýmjólk og geti skoðað upplýsingar um hitaeiningafjölda á umbúðum
- fái innsýn í matvælaíðnað með því að fara í vettvangsferðir í matvælafyrirtæki t.d. mjólkuriðnaðarfyrirtæki, í gróðurhús, í fiskvinnslufyrirtæki, brauðgerðarhús o. fl. · geri sér grein fyrir að fersk og óunnin matvæli eru hollari, fituminni og næringarríkari en unnin matvara

Hreinlæti

Að nemandinn:

- hafi tileinkað sér persónulegt hreinlæti
- geri sér grein fyrir hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla (matareitrun og sýking, smit vegna hósta og opinna sára)
- hafi öðlast færni í að þvo upp í höndum og í uppþvottavél
- læri að þrifa kæliskáp og eldavél
- temji sér að halda vinnusvæði sínu hreinu og þeim áhöldum sem notuð eru · kunnir að meta hreint og vistlegt umhverfi
- kynnist fatamerkingum t.d. geti séð við hve háan hita skal þvo flíkina · læri að flokka þvott og setja í þvottavél og þurrkara
- þjálfist í að strauja og ganga frá þvotti
- temji sér að nota hreinlætisvörur í hófi og velja umhverfisvænar vörur

Neytendafræði og umhverfisvernd

Að nemandinn:

- geti farið í verslun og gert verðsamanburð
- geti farið í matvöruverslun og metið útlit og gæði vöru t.d. grænmetis og ávaxta · viti hversvegna heimilisúrgangur (sorp) er flokkaður og hvað má endurnýta

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Námsgreinar*

Aðrir þættir

Að nemandinn:

- geri sér grein fyrir hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn) · fái þjálfun í samskiptum og í að virða ólík sjónarmið

- fái þjálfun í að setja sig í spor annarra og taka þátt í samvinnu og samstarfi ·
- temji sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
- geri sér grein fyrir helstu slyshættum í eldhúsi (eldavél, heitt vatn, beittir hnífar, áhöld og tæki, niðursuðudósir, hættuleg efni, gler) og viti hvernig koma má í veg fyrir slys · viti um ýmsa áhættuþætti við meðferð opins elds og orsakir íkveikju (eldspýtur, kerti, heitar eldavélahellur, straujárn o.fl.)
- læri að samvinna og sameiginleg ábyrgð á heimilum er mikilvæg
- læri að nýta sér upplýsingar, varúðarreglur og varnaðarmerki á umbúðum

*Allar beinar tilvitnanir, þar sem blaðsíðutals er getið, eru í Aðalnámskrá grunnskóla, mars 2013.
Námsgreinar*

Hönnun og smíði

Hönnun og smíði er ein námsgreina í flokki verkgreina, þar sem áhersla er lögð á að „nemandinn

verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni (bls. 155). Í námsgreininni læra nemendur handverk, sem nýst getur við verklegt framhaldsnám og störf, tómstundir og heimilishald. Stefnt er að því að „efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun verkfæra“ (bls. 156). Nemendur þurfa að temja sér vandaðan frágang, geta hannað og skipulagt ákveðin verkferli og „læri rétta notkun hlífðarbúnaðar“ (bls. 156).

Nánari skýringar

Í Klettaskóla er leitast við að hæfileikar og færni hvers og eins fái að njóta sín með einstaklingsmiðuðum útfærslum á hverju verkefni fyrir sig. Fínhreyfifærni nemenda er mismunandi og flestir þeirra þurfa mikillar þjálfunar við. Vinna í smíðum er góð leið til að þjálfra færni í höndum, þá er það og góður undirbúningur undir starf og tómstundir síðar í lífinu. Þar sem starfsvettvangur fatlaðra tengist oftast verklegri vinnu en bóklegri er hönnun og smíði mikilvægur þáttur í skólastarfinu.

Markmið

Að nemandinn:

- efli hugmyndaflug, sköpunarhæfileika, sjálfstraust og sjálfstæði sitt
- styrkist í fínhreyfingum
- læri réttar vinnustellningar, rétta notkun verkfæra og margs konar vinnubrögð og öðlist þannig meira sjálfstæði til verka
- efli með sér áhuga á nytsömu og þroskandi tómstundastarfi
- auki með sér samstarfshæfni og félagsþroska t.d. með hópverkefnum

Tengsl við aðra námskrárbætti

